

Mývatnssveit 28. mars 2018

**Efni: Athugasemdir Fjöreggs vegna Nýs seyrulosunarsvæðis á Hólasandi.**

**Athugasemdir Fjöreggs vegna Nýs seyrulosunarsvæðis á Hólasandi.**

Stjórn Fjöreggs fagnar nýjum áformum um lausn fráveitumála ferðaþjónustufyrirtækja í Skútustaðahreppi. Jafnframt vill stjórnin benda á að tryggja verður að næringarefni og mengandi efni úr seyru berist ekki af Hólasandi til Sandvatns sem er á verndarsvæði Mývatns og Laxár.

Í skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Skútustaðahrepps segir á bls. 5-6:

*„Álag á vatn og vatnsvernd: Með því að flytja svartvatnið, sem er mest mengandi hluti húsaskólps (borið saman við grávatn), út fyrir verndarsvæðið er álag á Mývatn minnkað og þar af leiðandi verður hættu á ofauðgun vegna næringarefna minni. Til að koma í veg fyrir grunnvatnsmengun verður leitast eftir að uppgræðslusvæðin verði á þeim stöðum á Hólasandi þar sem jarðvegur er þess eðlis að hverfandi líkur verði á að næringarefni eða önnur mengandi efni úr svartvatninu berist í grunnvatn. Víða eru á Hólasandi stór svæði með þykkum jarðlögum sem eru það þétt, að ólíklegt þykir að endurnýting svartvatns á þessum stöðum muni valda mengun grunnvatns. Mælt er með að gerð verði vöktunaráætlun, t.d. í starfsleyfi, í formi rannsóknna á niðurbroti næringarefna, lyfjaleifa og örvera í jarðvegi á landgræðslusvæðum sem valin verða til endurnýtingar svartvatnsins. Með því móti má mæla hversu árangursrík náttúruleg hreinsun jarðvegs verður.“*

Það eru að mati stjórnar Fjöreggs skynsamleg áform að flytja svartvatnið út fyrir verndarsvæðið og nýta það til uppgræðslu lands. Eftir sem áður yrðu geymslu- og förgunarstaðir innan vatnasviðs Mývatns og Laxár. Hafa þarf í huga að í seyru eru mengandi efni, t.d. leifar eiturlyfja, auk hinna eftirsóttu næringarefna. Nauðsynlegt er því fara mjög varlega með seyruna og ekki er verjandi að taka neina áhættu með að þessi efni berist í Sandvatn og þar með aftur inn á verndarsvæðið. Á mynd 2 bls. 7 er teiknað inn áformað uppgræðslusvæði sunnan vegar og er það mjög nærri Sandvatni þar sem það nær lengst til suðurs. Þarna skiptir halli lands miklu máli en ekki er hægt að gera sér grein fyrir honum á þessari mynd. Affall Sandvatns er Sortulækur sem rennur í Laxá rétt neðan við útfall hennar úr Mývatni. Af þessum sökum er brýnt að meta af kostgæfni hvar óhætt er að nýta efnið til áburðar – án þess að taka slíka áhættu. Vönduð vöktunaráætlun ætti að vera skilyrði fyrir starfsleyfi. Við gerð umhverfisskýrslu sem rætt er um á bls. 7-8 í skipulags- og matslýsingunni er því varpað fram hvort fráveita á fyrirhuguðu svæði muni hafa áhrif á vatnsgæði Mývatns. *Hér telur stjórn Fjöreggs óhjákvæmlegt að einnig verði spurt og fjallað ítarlega um hugsanleg áhrif á vatnsgæði Sandvatns, sem hefur lögum samkvæmt sömu stöðu og Mývatn sbr. lög nr. 97/2004.*

Fyrir hönd stjórnar Fjöreggs,

Ólafur Þróstur Stefánsson.